

Sár og sáraumbúnaður - Svör

Reyndu að átti þig á því hvort fullyrðingarnar eru réttar eða rangar. Gerðu kross fyrir framan rétt svar.

1) Oftast er best að hreinsa sár með því að skola sárið undir krana eða með hreinu rennandi vatni.

rétt

rangt

Svar: Til að draga úr sýkingarhættu er mikilvægast að hreinsa sár með hreinu kranavatni, grisju eða klút og nota hreinar umbúðir sem ekki festast. Ef sár er hreint nær líkaminn yfirleitt að vinna á öllum bakteríum sem í það berast. Hreinsa á sár frá miðju og út. Ef sár er mjög óhreint eða stórt er sjálfsagt að leita á slysamóttöku eða heilsugæslu.

2) Best er að sleppa plástri/umbúðum á sár ef hægt er.

rétt

rangt

Svar: Rétt meðhöndlun á sári dregur úr líkum á óæskilegum aukaverkunum. Sáraumbúðir eru settar á opin sár til að hefta blæðingu, fyrirbyggja sýkingu, draga í sig líkamsvessa og verja sárið fyrir óhreindum og hnjaski. Gæta þarf þess að sáraumbúðirnar séu nægilega stórar til að hylja sárið. Sáraumbúðir geta verið af ýmsu tagi, s.s. grisjur, plástrar og sárabögglar. Skipta þarf um sáraumbúðir ef þær verða blautar eða óhreinar. Annars nægir að skipta daglega.

3) Skyndihjálpar er eingöngu notuð í minni háttar tilvikum, hún kemur ekki að neinum notum við stærri slyss eða alvarleg veikindi.

rétt

rangt

Svar: Skyndihjálpar getur skilið milli lífs og dauða hjá alvarlega slösuðu eða veiku fólki, endurlífgun er besta dæmið um það.

Sjá nánar:

- http://rki.is/Apps/WebObjects/RedCross.woa/wa/dp?name=skyndihjalp_birtafrett&detail=63791
- http://rki.is/Apps/WebObjects/RedCross.woa/wa/dp?name=skyndihjalp_birtafrett&detail=1005962
- http://rki.is/Apps/WebObjects/RedCross.woa/wa/dp?name=skyndihjalp_birtafrett&detail=63766